



Nýtt húsnæði fyrir Gerplu

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að fara í útboð á byggingu nýs íþróttahúsinæðis við Vatnsendaskóla þar sem Gerpla mun hafa aðstöðu. Þetta eru mikil gleðitíðindi fyrir allt Gerplufólk þar sem hægt verður að bæta þjónustu og vinna niður viðvarandi biðlista sem hafa myndast hjá félaginu á undanförunum árum.

Nýtt áhaldafimleikagólf

Á seinasta sunnudag barst ný sending af áhöldum og er ekki laust við að það sé búið að vera mikil spenna fyrir nýju áhaldagólfi meðal iðkenda og þjálfara.

Við óskum iðkendum og þjálfurum til hamingju með þessa nýju sendingu og vonum að umgengi um áhöldin verði til fyrirmyndar.

Þrepamót FSÍ

Seinni hluti þrepamóts FSÍ fór fram á Akureyri daganna 13.-15. febrúar, eftir að hafa verið frestað helgina áður vegna veðurs.


Gerplustúlkur stóðu sig með miklum prýðum á mótinu og unnu eftirfarandi stúlkur til verðlauna:

3. þrep 12 ára og eldri: Hildur M. Jónasdóttir 2. sæti,
Eyðís Helgadóttir 3. sæti

2. þrep 12 ára og yngri: Sunna Kristín Ríkarðsdóttir 2. sæti

2. þrep 13 ára og eldri: Birta Björg Alexandersdóttir 1. sæti,

Sonja Margrét Ólafsdóttir 2. sæti, Sandra Rós Davíðsdóttir 3. sæti.



Íslandsmót unglunga FSÍ

Fór fram um helgina í húsakynnum Gerplu að Versöllum. Gerpla átti alls 135 keppendur á mótinu en alls kepptu um 780 manns. Í 1. fl kvenna var hörð keppni milli Stjörnunnar, Selfoss og Gerplu og endaði lið Gerplu í öðru sæti.

Gerpla varð Íslandsmeistari í 2. fl kvenna & 2. fl mix ásamt því að vinna einnig B deildina í 2. fl kvenna. Í 4. fl átti svo Gerpla einnig silfurverlaun í A deild og silfur og bronsverðlaun í B deild. Það er því ekki annað hægt að segja en framtíðin sé björt í hóp-fimleikum hjá Gerplu.



Viðburðir framundan:

- Wow-mótið í hóp-fimleikum 21.-22. feb í fimleikahúsi Akureyrar
- Bikarmótið í 4. þrepi & 5. þrepi 28. feb – 1. mars í Stjörnunni Ásgarði
- Bikarmótið í 3. þrepi – frjálssar æfingar 7-8. mars í Björk í Hafnafirði

Hrós vikunar:

Fá mfl. kk í hóp-fimleikum og mfl. kvk í áhaldafimleikum fyrir að mæta og hjálpa til við að setja upp nýja áhaldafimleikagólfíð með þjálfurunum félagsins - svona aðstoð er ómetanleg!